



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

17. mars 2011

11. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Sá sem á mest dót...

„Ég veit ekki hvort þetta verður nokkrum til gagns þó það fari á safn, en kannski gamans,“ segir Jón Svanberg, sem vonast til þess að lögregluminjasafn hans geti orðið uppistaðan í fyrirhuguðu Dellusafni á Flateyri. Hann segir frá grúskinu, ryðguðu afmælisgjöfunum og dellunum á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Ríkisstjórnin hefur boðað aðgerðir til uppbyggingar á Vestfirðum, meðal annars í mennta- og velferðarmálum.

Boða aðgerðir á Vestfirðum

Ríkisstjórnin hefur boðað aðgerðir til uppbyggingar á Vestfirðum, meðal annars í mennta- og velferðarmálum. Forsætisráðherra kynnti aðgerðir til eflingar atvinnu og byggðar á Vestfirðum á fundi ríkisstjórnarinnar á

föstudag. Atvinnuleysi jókst hlutfallslega mest á Vestfirðum í febrúar og ríkisstjórnin hefur áhyggjur af fólksflotta frá landshlutanum. Því verði farið í sérstakar aðgerðir sem miði að því að snúa þessari þróun við.

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra segir stjórnina vilja ræða ýmsar hugmyndir sem

snerta mennta- og velferðarmál við Vestfirðinga. Þó að verkefni séu ekki stór þá skipti allt sem gert er máli. Aðgerðirnar svipi til þeirra sem ríkisstjórnin kynnti á Suðurnesjum í lok síðasta árs. Vestfirðingar hafa lengi kallað eftir breytingum á fiskveiðikerfinu. Jóhanna segir þessar aðgerðir ekki fela í sér breytingar í þeim

efnum en von sé á nýju frumvarpi um fiskveiðistjórnun á allra næstu dögum.

Ætlunin var að ríkisstjórnin myndi funda á Ísafirði á mánudag og hitta þá heimamenn og ræða hugmyndir sínar en fundinum var frestað vegna óhagstæðs ferðaveðurs.

Einar K. Guðfinnsson, þing-

maður, fagnar því að ríkisstjórnin beini athygli sinni að málefnum Vestfirðinga en segir aðgerðirnar fela í sér stefnubreytingu stjórnvalda. Einar Kristinn hefði þó viljað aukið samráð um aðgerðirnar sem ríkisstjórnin hyggst kynna á fundi sínum á Vestfirðum í næstu viku.

– thelma@bb.is



Sigurvegjarar mótsins Björgvin Björgvinsson og Thelma Rut Jóhannsdóttir. Mynd: Benedikt Hermannsson.

Björgvin og Thelma sigursæl

Thelma Rut Jóhannsdóttir frá Ísafirði og Björgvin Björgvinsson frá Dalvík sigruðu á bikarmóti Skíðasambands Íslands í svigi sem haldið var á Ísafirði um helgina. Hinn 15 ára gamli Jakob Helgi Bjarnarson frá Dalvík varð annar í karlaflokki og Brynjar Jökull Guðmundsson frá Reykjavík varð þriðji. Á fyrra bikarmóti helgarinnar á laugardag vann Björgvin,

Brynjar varð annar og Jakob þriðji. Thelma sigraði jafnframt í kvennaflokki en Lovísa Mjöll Guðmundsdóttir og Helga Vilhjálmisdóttir frá Reykjavík urðu í öðru og þriðja sæti. Um var að ræða alþjóðlegt FIS-mót.

Fimm sparisjóðir fengu einn milljarð að láni án trygginga

Bygðastofnun lánaði fimm sparisjóðum tæpan milljarð króna á árunum 2005 og 2006 án nokkurra trygginga. Lánin hafa verið afskrifuð en sjóðirnir nýttu þau meðal annars til að bæta eiginfjárstöðu sína, þetta kom fram í fréttum RÚV. Fram kemur

að lánin hafi verið rökstudd með því að sparisjóðirnir færu ekki á hausinn frekar en aðrar fjármála- stofnanir. Fréttastofnan RÚV segist hafa undir höndum skýrslu Ríkisendurskoðunar um mat á efnahagsreikningi og eignasafni Bygðastofnunar, sem unnin hafi

verið að beiðni stofnunarinnar í lok árs 2009. Í skýrslunni sé sérstaklega fjallað um lán Bygðastofnunar til sparisjóða á árunum 2005 til 2006, en stofnunin hafi þá átt drjúga lausafjárjóði.

Segir að stofnunin hafi lánað fimm sparisjóðum 950 milljónir

króna til að koma peningunum í vinnu, eins og það sé orðað í skýrslunni. Umræddir sjóðir séu Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóður Norðlendinga, Sparisjóður Þórhafnar og Sparisjóður Norðfjarðar.

– thelma@bb.is

Ljósmyndir frá söguslóðum Collingwoods

Rúmlega 50 manns sóttu opnun sýningar á ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar eftir verkum W.G. Collingwoods sem fór fram í Listasafni Ísafjarðar á laugardag. Sýningin var áður í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands og vakti mikla athygli. Á opnuninni skýrði Einar Falur frá verkefni um en um er að ræða ljósmyndaverk hans sem unnin eru með hliðsjón af vatnslitamyndum, teikningum og ljósmyndum sem breski myndlistarmaðurinn og fornfræðingurinn William Gershom Collingwood málaði og tók af stöðum sem koma fyrir í Íslendingasögunum á tíu vikna ferðalagi um Ísland sumarið

1897. Síðustu þrjú ár hefur Einar Falur notið leiðsagnar Collingwoods á ferð sinni milli íslenskra sögustaða. Hann hefur farið milli staða þar sem breski listamaðurinn vann og stuðst við myndverk hans og skrif.

Á sýningunni í Listasafni Ísafjarðar má sjá valdar ljósmyndir Einars Fals og eftirtökur verka Collingwoods. Collingwood málaði rúmlega 300 verk hér á landi, en ríflega helmingur myndanna frá ferð hans eru varðveittar í Þjóðminjasafninu. Í samnefndri bók, sem Þjóðminjasafn Íslands og Crymogea gefa út, birtast enn fleiri myndir úr verkefninu, auk



Einar Falur Ingólfsson við opnunina.

ítarlegs texta ljósmyndarans um verkefnið, ljósmyndun, málara- list, ferðalagið og tímenn.

Sýningin er í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og stendur til 14. maí.

– thelma@bb.is

Þú velur þinn banka Íslandsbanki býður þér í viðskipti



Íslandsbanki leggur mikinn metnað í að veita góða þjónustu. Við viljum stöðugt gera betur og höfum m.a. kallað eftir hugmyndum viðskiptavina um hvernig við getum bætt þjónustna.

Við leggjum mikið upp úr bjóða úrræði og lausnir sem auðvelda viðskiptavinum okkar að taka upplýstar ákvarðanir í fjármálum.

Að flytja viðskipti sín milli banka er auðveldara en þú heldur.

Komdu í heimsókn og ráðgjafar okkar fara yfir það hvað við getum boðið þér og hvernig það gengur fyrir sig að skipta um viðskiptabanka. Við tökum vel á móti þér.

**Verið velkomin til okkar,
starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði.**

Við höfum margt að bjóða þér:

- Framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu.
- Verðlaunavefinn **meniga.is** sem auðveldar þér að halda heimilisbókhald og gera útgjaldaáætlanir.
- Fjölbreytt og sveigjanlegt úrval úrræða fyrir skuldsetta einstaklinga og fyrirtæki.
- Þægilegan netbanka þar sem þú getur leyst flest þín mál.
- Öfluga vildarþjónustu sem umbunar þeim sem nýta sér heildarþjónustu bankans.

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Dreymir um for- dómalaust Ísland

Dane Magnússon úr Bolungarvík lét nýlega af störfum sem formaður Félags anti-rasista á Íslandi. Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að vinna gegn kynþáttahatri og aðstoða fólk með ólíkan bakgrunn hér á landi en þetta fólk býr oft yfir reynslu af ofbeldi og svívörðingum. Dane hefur sjálfur fengið sinn skerf af því.

Hann er fæddur á Jamaíku í Karíbahafi en flutti til Íslands þegar hann var þrettán ára gamall, fimm árum eftir að móður hans flutti til landsins. Þjó hann fyrst um sinn á Vestfjörðum en flutti síðan til Reykjavíkur árið 1996. Hann segir mikil viðbrigði hafa verið að flytja úr nánú samfélagi í Bolungarvíkur til höfuðborgarinnar þar sem hann varð fyrir aðskasti vegna hörundslitar síns.

Bæjarins besta ræddi við Dane um fordóma á Íslandi og uppruna Félags anti-rasista á Íslandi. Það var stofnað í september 2006 af fimm manns með ólíkan bakgrunn.

„Við vorum ekkert búin að stefna að því að stofna félagið. Við vorum fimm sem ákváðum að koma reglulega saman og fara yfir hvað hefði verið að gerast hjá okkur eða fólki sem við þekktum en svo vatt þetta upp á sig og allt í einu voru komnir 100 félagar og svo þúsund og nú eru félagarnir orðnir um 2.000 talsins.“

Félagið og stjórn þess er skipað jafnt Íslendingum sem fólki með erlendan bakgrunn. Frá því að það var stofnað hefur berlega komið í ljós að þörf fyrir félag af þessu tagi.

„Við höfum verið að aðstoða fólk sem hefur verið að lenda í ýmislegu hér á landi og eins fólk sem skilur ekki alveg kerfið á Íslandi og þarf því aðstoð með það.“

Félagið er líka fyrir fólk sem lætur sér annst um hag ólíkra þjóðerna á Íslandi og vill land án fordóma. Stefnan hjá okkur hefur alltaf verið að taka neikvæða hluti eða umræðu og breyta því í jákvæða. Því miður er þetta vandamál sem er til staðar hér á landi og í boði ætti að vera fræðsla um það í skólunum rétt eins og forvarnar- og kynfræðsla. Þetta eru hlutir sem gerast hægt en nauðsynlegt er að þeir gerist. Við lítum á fordóma sem krabbamein í samfélaginu og reynum okkar besta að ráða bug á því. Auðvitað vitum við að það ekki hægt að

búa til fullkominn heim en við reynum okkar besta að draga úr þessu og fræða fólk um mikilvægi þess að losna við fordóma. Hvergi í heiminum hefur neitt gott hlotnast af fordómum. Eins er vont fyrir ímynd Íslands að aðrir heimsbúar fá þá hugmynd að mikið sé um fordóma hér. Margt hefur þó áunnist á undanförunum árum. Íslendingar sem ferðast mikið sjá eða búa annars staðar læra af eigin reynslu hvernig það er að vera útlendingur í öðru landi og verða því skilningsríkari gagnvart þeim sem eru af erlendu bergi brotnir á Íslandi. En það þarf að gera miklu meira.

Okkur finnst mikilvægt að koma fræðslu um þetta inn í skólana svo krakkar fá fleiri hliðar á málinu frá unga aldri og geti því lært að dæma fólk ekki eftir litum heldur persónuleika.“

Rödd í samfélaginu

Dane hefur verið formaður félagsins í fjögur ár.

„Ég er að stíga til hliðar og Laufey Ólafsdóttir tekur við formennskunni. Hún hefur verið með mér í félaginu frá byrjun. Hún er einnig formaður einstæðra foreldra á Íslandi. Þetta hefur verið mikil og krefjandi vinna en aðaltilgangur félagsins var að hafa rödd innan samfélagsins fyrir minnihlutahópa. Við höfum ekki verið að berjast gegn neinum heldur bent á vandamál sem margir kjósa að sópa undir teppið. Markmiðið var að geta svarað til baka þegar fólk er ópinskát um fordóma sem styðjast ekki við nein rök og það hefur tekist. Fólk þarf að geta rökstutt mál sitt en ekki bara segja hluti út í loftið sem stafa af fordómum. Fólk má alveg vera ósammála um hlutina en það þarf að hafa góða skýringu fyrir því af hverju það heldur þessu fram. Sérstaklega ef það er að tjá sig í fjölmiðlum.“

Útlendingar hafa tekið stóran þátt í að byggja upp landið, allavega síðustu 15- 20 árin, og það eru margir sem vilja ekki sjá það. Útlendingar hafa t.d. tekið við störfum sem enginn annar vildi vinna, eins og til dæmis í fiskvinnslu, því það var ekki nógu vel borgað eða þótti nógu fínt. Einhvern veginn þarf þó að halda rekstrinum áfram og á mörgum stöðum var það gert með því að ráða útlendinga í þessi störf.“

En hvað tekur þá við hjá Dane?

„Ég er búinn að fá vinnu sem lífvörður og mun ferðast víða í því starfi. Það var því ákveðið að ég myndi stíga til hliðar og hleypa öðrum að. Félagið verður í góðum höndum hjá Laufey og hinum í stjórninni. Það er líka gott að fá inn ferskar hugmyndir. Ég verð þó áfram til aðstoðar.“

Vestfirðir sýna gott fordæmi

Dane kunni vel við sig í Bolungarvík og segir Vestfirði vera gott dæmi um fjölmenningarlegt samfélag.

„Vestfirðir eru gott dæmi um það að útlendingar geti lifað í sátt við samfélagið. Vestfirðingar virðast skilja að það var þörf fyrir fólk í vinnu á sínum tíma og því var ekkert vesen þegar útlendingar byrjuðu að flytja á svæðið. Það virðast líka vera minna um fordóma á minni stöðum þar sem allir þekkja alla.“

Bolungarvík var mjög góður staður fyrir mig að búa á. Fólk þurfti kannski í fyrstu að venjast því að útlendingur væri kominn í bæinn en það tók ekki langan tíma. Ég var 18 ára þegar ég flutti til Reykjavíkur og það voru mikil viðbrigði. Þá voru Reykvíkingar enn að venjast útlendingum og það var mikið horft á mann og líka æpt og ráðist á mann.“

Hann kemur reglulega vestur til að hitta fjölskylduna.

„Ég var fyrir vestan um jólin en veit ekki hvenær ég kemst næst út af nýja starfinu. Ég reyni að koma eins oft og ég get.“

– Að lokum, finnst þér Ísland vera skammt á veg komið hvað varðar umburðarlyndi gagnvart útlendingum sem flytjast til landsins?

„Já, ég held að Ísland sé svona 15 á eftir tímanum hvað varðar svona fordóma miðað við á mörgum öðrum stöðum. En það þarf ekki svo mikið til svo hægt sé að bæta hlutina en ef enginn segir neitt þá heldur þetta áfram að vera vandamál í samfélaginu. Ég hvet alla til að gera sitt í því að útrýma fordómum. Ég vona líka að fólk hugsi áður en það fer að tala um fordóma í öðrum löndum. Það getur haft svo skemmandi áhrif fyrir ímynd landsins,“ segir Bolvíkingurinn Dane sem fer nú á vit nýrra ævintýra í öðrum löndum.

– thelma@bb.is





DRÝGJUM LAUNIN VERSLUM Í BÓNUS



FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.
198 KR. 450g

BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI MÁ FRYSTA



BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR
198 KR.

BURFELL GOTT ÁLEGG Á BRAUÐIÐ



BÚRFELLS BRAUÐSKINKA
298 KR. 250g

BÚRFELLS HANGIÁLEGG
398 KR. 143g



BÓNUS HRÁSALAT
159 KR. 350g



ROOKEE NÚÐLUR 85g
35 KR. 85g

BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI PRJÁR FERNUR 250 ml. 159 KR. 3 x 250ml



FLORIDA SAFI 1 ltr.
195 KR. 1ltr



OTA HAFRAMJÖL 2KG
698 KR. 2kg



ES HAFRAMJÖL 500g
75 KR. 500g



BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6x60 BLÖÐ
360 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
598 KR. PK



BÓNUS WC PAPPÍR 18x200 BLÖÐ
3600 BLÖÐ Í ÞESSUM PAKKA.
598 KR. PK

FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI FÍNT VERÐ Í BÓNUS



FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.



FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG.



FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.



FERSKIR KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG.

ÓDÝRT - FLJÓTLEGT PÆGILEGT

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

Góður tilbúinn matur fyrir **3-4** aðeins **998 kr.** bakkinn



BÓNUS HEILSURÉTTUR



BÓNUS BURRITOS 4 STK



BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE



BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR



Byggðin í Vigur.

Bjartsýnn á að Vegagerðin sjái að sér

Salvar Baldursson, ábúandi í Vigur í Ísafjarðardjúpi, segir ákvörðun Vegagerðarinnar um að hætta styrkja samgöngur út í eyjuna komi illa niður á byggð í eyjunni. „Í bréfi Vegagerðarinnar þar sem þessi ákvörðun er tilkynnt segir að styrkurinn falli niður svo hægt sé að halda uppi samgöngum á öðrum stöðum. Þetta er væntanlega forgangsröðun hjá Vegagerðinni, en ég fæ

ekki betur séð en að hún gangi út á að sumir hafi samgöngur en aðrir ekki,“ segir Salvar. „Ég er þó bjartsýnn á að þetta verði ekki eins harkalegt og boðað hefur verið. Þetta er ákveðið sanngirnismál. Samgöngur eru víða styrktar, eins og ýmsar sérleyfissamgöngur, og því ætti ekki sama að gilda um þessar ferðir. Þá hefur Vegagerðin náð fram sparnaði upp á 60-70% á þessari leið á síð-

ustu tveimur árum og kostnaðurinn er því orðinn óverulegur.“

Hafsteinn Ingólfsson, annar eigenda Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar, sá um siglingar um Djúpið um árabíl, var m.a. póstbátur í 16 ár og sigldi með skólabörn í 12 ár. Fyrir tveimur árum var hins vegar hætt að bjóða siglingarnar út og síðan hafa ábúendur í Æðey og Vigur verið styrktir beint til að halda uppi

samgöngum. En nú hafa þeir styrkir verið lagðir niður. Vigur er einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna sem heimsækja norðanverða Vestfirði og segir Salvar að erfitt verði að halda uppi ferðapjónustu ef byggð í eyjunni leggst af.

„Á hverju sumri heimsækja um 10.000 manns eyjuna en ef þar verður eingöngu sumarþústaðarbyggð þá leggst ferðapjónustan

væntanlega af. Þau fyrirtæki sem sigla með farþega, eins og Sjóferðir og Vesturferðir, verða að finna sér nýjan áfangastað. Þetta er töluvert umferð og þessu fylgir töluvert umstang og margar ferðir eru farnar til Ísafjarðar til að sækja vörur og vistir. Og til að halda þessu út skiptir töluverðu máli að samgöngurnar séu styrktar,“ segir Salvar.

– kte@bb.is

Spurningin

Ert þú ánægð(ur) með þá ákvörðun að sameina SpKef og Landsbankann?

Alls svöruðu 723. Já sögðu 187 eða 26% Nei sögðu 536 eða 74%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Breytileg eða vestlæg átt. Snjócoma eða slydda sunnan og austantil en él vestantil. Hiti svipaður áfram.

Horfur á laugardag: Ákveðin suðlæg átt með rigningu eða slyddu, einkum sunnan- og austan til. Hiti 0-5 stig.

Horfur á sunnudag: Norðlæg átt með eljum nirðanlands. Kólnandi.

Ritstjórnargrein

Hvalárvirkjun

Niðurstöður ráðgjafahóps iðnaðarráðherra, sem kynntar voru hér vestra í síðustu viku komu ekki á óvart. Vitað var að „forsenda atvinnuþróunar á okkar tímum er öflug og örugg kerfi fyrir flutning, bæði raforku og gagna.“ eins og segir í skýrslu ráðgjafahópsins. Sitt-hvað ber þar á góma um varaafstöðvar. Lítið fer fyrir virkjunaráformum. Framtíðaráætlun til lausnar vandans er hringtenging um Strandir og Djúpið til Ísafjarðar, sem gæti þá þjónað Hólmavík og Hvalárvirkjun, ef af henni verður. Rétt er að undirstrika að í skýrslunni kemur fram að samfélagslegur kostnaður sem Vestfirðir vera fyrir sökum rafmagnsleysis hefur verið áætlaður 400 milljónir króna á ári.

Stöldróm aðeins við Hvalárvirkjun og orðalagið, ef af henni verður. Á Ísafjarðarfundinum sagði iðnaðarráðherra m.a.: „Virkjunarmöguleikarnir sem eru á Vestfjörðum komust ekki inn í síðustu endurskoðun rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, vegna þess að nægilegar upplýsingar lágu ekki fyrir.“ Í janúar 2009 greindi bb.is frá því að Sturla Böðvarsson, þáverandi fyrsti þingmaður NV-kjördæmis hefði beitt sér fyrir samþykkt þingsályktunar á rannsóknarleyfi fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Bent var á að Vesturverk ehf., hefði unnið að málinu (frá 2007), að Almenna verkfræðistofan hefði forhannað virkjunina og að Orkubú Vestfjarða hefði haft mál-ið til skoðunar allt frá árinu 1982.

Í mars 2009 greinir bb.is frá því að í skýrslu Landsnets um afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum sé tenging Hvalárvirkjunar við

Ísafjörð sá kostur sem best kemur út. Mánuði síðar skoraði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á stjórnvöld að breyta raforkulögum á þann veg að Landsnet fengi lagalega heimild til að fella niður fyrirhugað tengigjald vegna virkjunarinnar, en sá kostnaður var talinn hafa veruleg áhrif á fjárhagslegan grundvöll verksins. Þá beindu bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og orkubússtjóri þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að tengigjöld Hvalárvirkjunar yrðu greidd úr ríkissjóði. Í áskorun þeirra sagði m.a.:

„Virkjun Hvalár mun skipta sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu og mannlíf á Vestfjörðum og má m.a. benda á eftirfarandi þætti: 1. Fjöldi starfa á byggingartíma virkjunarinnar. 2. Að lokinni byggingu virkjunarinnar og tengingu hennar við raforkuflutningskerfi Landsnets á Ísafirði verður afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum orðið ásættanlegt. 3. Með auknu framboði á tryggri raforku opnast nýir möguleikar í atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og má í því sambandi benda á gagnaver, en staðsetning þeirra á svæðum þar sem lítil hætta er á jarðskjálftum er eftirsóknarverð.“


Hreint út: Hvað olli í raun að virkjunarmöguleikar á Vestfjörðum voru ekki í náðinni við endurskoðun rammaáætlunarinnar? Var framangreind umfjöllun og skýrslur Landsnets um þýðingu virkjunarinnar fyrir Vestfirði bara merkingarlaust hjál? Þótti „kerfinu“ ekki taka því að eltast við þetta lítilræði og nöldur í Vestfirðingum, sem ættu að vera farnir að venjast rafmagnsleysinu?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Bláðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Flugfrakt



Fyrir þá sem vilja vera fyrstir

Við sækjum og sendum

Þú getur látið okkur sækja sendinguna í fyrirtæki þitt og koma henni beint til viðtakanda.

Hagkvæmt verð

Það er hagstætt að senda með flugfrakt – berðu saman verð á frakt með flugi og bíl.

Hraði er okkar sérstaða

Flugfrakt er fljótlegasta leiðin til að flytja vörur og aðrar sendingar. Mikill fjöldi ferða tryggir að allar sendingar berast hratt og örugglega.

Til/frá Reykjavík

Akureyri 7-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 3-5 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag

Hornsteinn almannavarna-kerfisins á ótraustum grunn

Öll öryggiskerfi á Vestfjörðum byggja á stöðugum rafmagnsstraumi. Þetta kom fram í viðtölum ráðgjafahóps iðnaðarráðuneytisins um orkuöryggi á Vestfjörðum við fulltrúa almannavarna í fjórðungnum. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að við rafmagnstruflanir stöðvast t.d. öll starfsemi sýsluskristofunnar sem er aðsetur sýslumanns og

formanns almannavarnarnefndar. Lögreglan heldur sambandi við netþjón og símasambandi á meðan rafhlöður endast, í 10 til 12 klst. Geta má þess að við skömmtun á rafmagn ná rafhlöður ekki að fullhlaðast sem veldur því að varaafli er ekki tiltækt þegar straumur er tekinn af í annað eða þriðja sinn.

„Eðli málsins samkvæmt byggja-

ast almannavarnir og aðgerðarstjórn mikið á fyrstu viðbrögðum þar sem notast er við internetið og símann. Raskist netsamband verða öll samskipti erfið eða jafnvel reynist ómögulegt að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri. Þegar t.d. ófærð hamlar ferðum eða ef til þes kemur að sjúkdómar hindra mannleg samskipti er mikilvægt að aðilar sem

koma að öryggismálum, s.s. almannavarnarnefnd, hafi netaðgang sem byggir á tryggu rafmagns,” segir í skýrslu ráðgjafahópsins.

Þar segir jafnframt að Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði sé með varaafllstöð sem fer sjálfkrafa í gang við rafmagnstruflanir en þar hefur dýr búnaður skemmt vegna spennuflokts með tilheyr-

andi kostnaði og óþægindum. Hurðir á slökkvistöðinni þarf að opna með handafla ef rafmagn fer af sem tefur útkall sjúkrabíla og slökkviliðs um dýrmætar mínútur. „Að ofangreindu má draga þá ályktun að einn af hornsteinum almannavarna kerfisins byggir á ótraustum grunn og afhendingaröryggi raforku geti ógnað starfsemi almannavarna á Vestfjörðum.“



Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra á fundinum á Ísafirði.

Gengið af festu í að finna lausn á orkumálum Vestfirðinga

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra segir það vera einbeittan vilja sinn að gengið verði af festu í að finna lausn á orkumálum Vestfirðinga. Þetta kom fram í lokaorðum ráðherrans á fundum um orkumál og atvinnusköpun sem haldnir voru á Patreksfirði og á Ísafirði í síðustu viku. Tílfni fundanna var að kynna og ræða nýútgefna

skýrslu um orkuöryggi á Vestfjörðum. Sagði ráðherra að í skýrslunni væru lagðar til ákveðnar aðgerðir og nú þyrfti að koma fram með skýra framkvæmdaáætlun. Einnig var á fundunum rætt almennt um þau fjölbreyttu verkefni sem heyrja undir iðnaðarráðuneytið. Með í för voru Guðni A Jóhannsson, orkumálastjóri, Aðalsteinn Þorsteinsson, for-

stjóri Byggðastofnunar, Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri og Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands átti að vera með en hann forfallaðist á síðustu stundu. Á vef iðnaðarráðuneytisins segir að fundirnir hafi tekist með afbrigðum vel, heimamenn fjölmenntu og umræður í lokin

hafði bæði verið hreinskiptar og gagnlegar. Mikið var rætt um mikilvægi þess að tryggja Vestfirðingum sambærilegt orkuöryggi og öðrum landsmönnum, það ásamt betri samgöngum væru forsendur þess að tækist að byggja upp sterkt atvinnulíf. Meðal annarra mála er bar á góma málefna raforkuverð, húshitunarkostnað og ferðamál.

Þinglýstum leigusamningum fækkar

Heildarfjöldi þinglýstra leigusamninga á íbúðarhúsnæði á landinu var 687 í febrúar og fækkaði þeim um 22,3% frá því í janúar og um 7,3% frá febrúar á síðasta ári. Mesta fækkunin er á Vestfjörðum eða 28,6% en að baki þeirri fækkun eru aðeins tveir samningar. Þetta kemur fram á vefsíðu Þjóðskrár Íslands sem hefur tekið saman upplýsingar um fjölda þinglýstra leigusamninga á íbúðarhúsnæði eftir landshlutum.

Breytingin milli ára á höfuðborgarsvæðinu hljóðar upp á fækkun samninga um tæp 8% en milli mánaða er fækkunin 16,6%. Á einu landsvæði, Austfjörðum, er aukning milli ára upp á 200% en þess bera að geta að á bak við þá aukningu eru aðeins sex samningar.

Skoti til BÍ Bolungarvíkur

BÍ/Bolungarvík hefur samíð við skoska miðjumanninn Colin Marshall um að leika með liðinu í sumar. Colin, sem er 26 ára, var til reynslu hjá liðinu fyrir stuttu. Hann lék síðast með Crevillente Deportivo í spænsku þriðju deildinni. „Við erum fyrst og fremst að breikka hópinn og styrkja þessa stöðu,” sagði Guðjón Þórðarson þjálfari BÍ/Bolungarvíkur í samtali við Fótbolta.net.

Marshall lék með Aston Villa á yngri árum. Síðan þá hefur Marshall leikið með Clyde, St. Johnstone, Falkirk, Airdrie United, Stranraer, Dundee, Forfar og Tiverton Town í heimalandi sínu.

Það er **einfalt** að telja fram

■ Talið fram á skattur.is

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Veflykill veitir aðgang að þjónustusiðu á **skattur.is** þar sem hægt er að fylla út skattframtalið á einfaldan hátt. Glatist veflykill má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

■ Framtal á pappír

Pappírsframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra. Hægt er að panta áritað pappírsframtal og sundurliðunarblað á **skattur.is** eða í síma 442-1414 og fá það sent í pósti.

■ Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtali.

Prentaðar leiðbeiningar má fá á skattstofum.

■ Aðstoð í síma 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 23., 28. og 29. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

**Þjónusta við einstaklinga
á höfuðborgarsvæðinu
er á Laugavegi 166**



Skilafrestur er til **23. mars**



Fjör á grímuballi KFÍ

Mikið fjör var á grímuballi KFÍ og Ísfélksins, stuðningshóps félagsins, í Krúsinni á Ísafirði á laugardagskvöld. Meirihluti ballgesta var í hinum ýmsu gervum og mátti sjá skáldsagnapersónur, kvikmyndahetjur og furðuverur dilla sér á dansgólfinu undir stjórn hins ástsæla stuðbolta og skífufeytis Páls Óskars Hjálmtýssonar. Marsibil Kristjánsdóttir hafnaði í fyrsta sæti sem postulínsdúkk í sannkölluðum kreppubúningi sem búinn var til úr ruslapokum og gömlum fötum. Þótti

búningahönnunin afar vönduð og mikið hugað að smáatriðum en jafnvel veskið hennar var klætt í ruslapoka.

Í öðru sæti var Eygló Jónsdóttir í gervi Navi úr kvikmyndinni vinsælu Avatar. Í þriðja sæti voru sigurvegarar ársins í fyrra Sóley Huld Árnadóttir og Sveinbjörn Hjálmarsson sem Strympa og Æðstistrumpur. Í fjórða sæti var Þórdís Guðmundsdóttir sem spælegg. Jakob Einar Úlfarsson þótti bera frumlegasta búninginn sem hinn bílavélmenni úr Trans-

formers.

Grímuballið var nú haldið í fjórtánda sinn en það hefur notið mikilla vinsælda frá upphafi. Meira er lagt í búningana ár frá ári og leggja margir mikið á sig til að gera gervin sem best úr garði, allt frá því að skarta lituðum linsum upp í það að raka sig sköllotta. Allur ágóði ballsins rennur til styrktar barnastarfi KFÍ. Ljósmyndari blaðsins kom við á grímuballinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

– thelma@bb.is





SpKef starfaði í tvö ár á Vestfirðum áður en Landsbankinn tók hann yfir.

Undirbúa stofnun landsamtaka stofnfjárhafa

Stofnun landsamtaka stofnfjárhafa eru í undirbúningi. Samtökunum er ætlað að undirbúa skaðabótamál á hendur fyrrverandi stjórnendum sparisjóða sem og að þrýsta á um að ráðist verði í opinbera rannsókn á falli sjóðanna. Fréttastofa RÚV hefur eftir Þórunni Einarsdóttur, stjórnarmanni í Samtökum stofnfjárhafa í Sparisjóðnum í Keflavík, að mikil sorg og gremja sé meðal stofnfjárhaga vegna endaloka sparisjóðsins. Menn geri sér hins vegar grein fyrir því að niður-

staðan sé eðlileg því um síðustu áramót hafi bankinn verði í 11,2 milljarða króna mínus. Landsbankinn tók yfir SpKef sparisjóð í síðustu viku, en sjóðurinn var reistur á rústum Sparisjóðsins í Keflavík. Samband íslenskra sparisjóða hefur áhyggjur af endurreisn sparisjóðakerfisins vegna þessa, en margir sáu fyrir sér að SpKef gegndi lykilhlutverki í endurreisninni.

Þórunn segir stofnun landsamtaka stofnfjárhafa í undirbúningi. Samtökin muni beita sér

fyrir því að ráðist verði í opinbera rannsókn á sjóðunum og undirbúning skaðabótamála á hendur fyrrverandi stjórnendum þeirra. Þá muni samtökin í krafti stærðar sinnar berjast fyrir því að lán stofnfjárhafa til stofnfjárkaupa á sínum tíma verði tekin til endurskoðunar.

„Margt fólk, sem hefur lagt al-eigu sína og jafnvel meira til, telur sig hafa verið narrað til að taka þessi lán sem nú eru að keyra það í kaf,“ segir Þórunn.

– kte@bb.is

Óvenju fá mál hjá Héraðsdómi

Óvenju fá mál hafa komið til kasta Héraðsdóms Vestfjarða á nýju ári. Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómnum mun þó ekki óvanalegt að sveiflur komi fram í fjölda mála sem dómstólnum berast sem skýrist meðal annars af smæð umdæmisins. Þá voru þingfestingargjöld hækkuð umtalsvert nýverið og fóru þau úr 3.900 krónum í að lágmarki 15.000 krónur. Eftir hækkunina mun smærri málum, þ.e. einkamálum þar sem ekki er haldið uppi vörnum, hafa fækkað mjög. Einungis einn dómur hefur verið

birtur á heimasíðu Héraðsdóms Vestfjarða á þessu ári. Mun ekki vera neitt óvanalegt að fjöldi birtra dóma sveiflist nokkuð.

Þannig má nefna að á tímabilinu september til desember 2010 voru 15 úrlausnir birtar á heimasíðu Héraðsdóms Vestfjarða, en einungis þrjú á sama tímabili 2009. Þó munu nýjar reglur um birtingu dóma á netinu, sem gildi tóku um áramót, hafa þau áhrif að færri úrlausnir rata nú á vefsíður dómstólanna. Enn fremur mun óvenjumörgum einkamálum, þar sem tekið var til varna

og greinargerð skilað, hafa lokið með sátt málsaðila fyrir Héraðsdómi Vestfjarða undanfarna mánuði, en sáttir eru ekki birtar á heimasíðu dómstólanna.

Á síðasta ári munu starfsmenn Héraðsdóms Vestfjarða hafa, samhliða störfum sínum við dómstólinn, sinnt verkefnum fyrir aðra dómstóla. Mun frekari dreifing á verkefnum til dómstólanna úti um landið frá dómstólunum á suðvesturhorni landsins, þar sem verkefnin eru ærin, vera fyrirhuguð.

– kte@bb.is

Framkvæmt fyrir 279 milljónir

Kostnaður Ísafjarðarbæjar vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins í sumar er áætlaður tæpar 65 milljónir króna. Heildarkostnaður framkvæmdanna er hins vegar áætlaður 279 milljónir króna en stór hluti hans greiðist af öðrum stofnunum. Kostnaður við malbikunarframkvæmdir er áætlaður um 25 milljónir króna

og kostnaður við lagningu fráveituútrásar við Mávagarðinn á Ísafirði er áætlaður 10 milljónir króna.

Áætlaður kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir í Kubba er 200 milljónir króna. Þar af mun Ísafjarðarbæjar greiða 20 milljónir króna. Afganginn greiðir Ofanflóðasjóður. Kostnaður við

aurvarnargarð ofan Hjallavegs er áætlaður um 10 milljónir króna. Ofanflóðasjóður greiðir 9 milljónir af þeim verkhluta. Kostnaður við dýpkun hafnanna á Ísafirði og á Suðureyri er áætlaður 34 milljónir króna. Siglingastofnun mun greiða 27,5 milljónir króna og Ísafjarðarbær 8,5 milljónir.

– kte@bb.is

Þeir eru margir sem hafa á einhverju skeiði lífs síns safnað einu eða öðru; pennum, servíettum, frímerkjum eða eldspýtustokkum, svo örfá dæmi þess sem vakið getur áhuga safnara séu nefnd. Jón Svanberg Hjartarson er hins vegar einn þeirra sem halda söfnun áfram. Í skúffum og kössum og á veggjum heimilis hans leynast ýmislegir fjársjóðir sem brátt gætu komið fyrir sjónir almennings, verði hugmynd hans um að stofna svokallað Dellusafn á Flateyri að veruleika.

Þessar hugmyndir hans hafa hlotið góðar undirtektir og vakið töluverða athygli fjölmiðla, enda um nokkuð sérstakt og síbreytilegt safn að ræða, komist það á laggimar. Jón segir hér frá áformum sínum, ryðguðum afmælisgjöfum og fóstbræðralagi lögreglumanna um heim allan.

Yfir hundrað húfur

Þegar blaðamaður lítur við hjá Jóni hefur hann góðfúslega tínt til örlítið sýnishorn þess sem alla jafna hvílir í kistlum og kössum hér og þar á heimili hans á Flateyri. Þó að hann heillist af mörgum sögulegum hlutum og minjum eru það lögreglumunir sem hann hefur lagt hvað mestan metnað í að safna, enda á hann sjálfur að baki ein sextán ár í starfi sem lögreglumaður. Á stofuborðinu kennir því ýmissa grasa. Þar má sjá einkennisskildi lögreglumanna, skildi af breskum Bobby-hjálum, húfumerki, einkennismerki, símablokkir og penna, frá Skandinavíu, Kósóvó og Nepal, svo örfá dæmi séu nefnd. Þar er líka að finna fótjárn, gömul handjárn og kylfur frá bandarískri lögreglu sem flestir þekkja vel í sjón úr bandarískum myndum.

„Það er ýmislegt til hérna,“ segir Jón hæversklega. Inn á milli leynast svo sérlega áhugaverðir gripir. „Í hvíta kassanum hérna er til dæmis dálítið merkilegt úr Íslandssögunni,“ segir Jón og sýnir blaðamanni lyklakippu. „Kippan er sérmerkt þáverandi forseta Bandaríkjanna, Ronald Reagan. Margir þeirra sem störfuðu í öryggisgæslunni í kringum leiðtogafundinn fengu svona kippu að gjöf,“ útskýrir hann.

Safn hans af lögreglumunum er orðið ansi myndarlegt, enda hefur hann ekki nákvæma tölu á því. Það tekur sömuleiðis til ýmissa muna úr íslenskrum lögreglusögu og viðamikils safns saummerkja, sem saumuð eru á lögreglubúninga víða um heim til að auðkenna þá. „Ég hef ekki safnað neinu í nokkur ár núna, en mig minnir að saummerkin hafi verið komin í um níu hundruð. Svo á ég rúmlega hundrað húfur úr öllum áttum líka,“ segir Jón frá, en hann kennir internetinu aðallega um að safnið sé orðið jafn viðamikið og raun ber vitni. Þó hefur góðvild fyrrum kollega

víðsvegar um landið einnig skipt miklu máli, en þeir eru orðnir margir sem hafa gaukað að honum munum tengdum lögreglunni.

Fékk frábærar undirtektir

„Ég held að ég hafi ekki verið meira en í fjögur, fimm ár að safna því sem ég á hér og það er eiginlega allt netinu að kenna,“ segir Jón og hlær við. „Þetta byrjaði þannig að við vorum tveir vinnufélagarnir, ég og Þorkell Þorkelsson, sem er starfandi varðstjóri í lögreglunni á Ísafirði núna, sem vorum svona að spá eitthvað í þetta. Hann hefur reyndar einskorðað sitt safn svolítið. Hann safnar bara sérsveitarmerkjum lögreglu og á mjög gott safn í því,“ útskýrir Jón.

„Minn ferill byrjaði þannig að ég fann síðu sem var nokkurs konar safnsíða um safnara, rekin af lögreglumanni í Bandaríkjunum. Þar gat maður skráð sig inn með nafni og tölvupóstfangi, sagt frá hvaða landi maður væri, hverju maður væri að safna og hvað maður gæti látið í staðinn. Ég skráði mig þarna og sagði að ég væri í lögreglunni á Íslandi. Ég byrjaði bara að safna þessum saummerkjum, svo ég óskaði eftir þeim og sagðist eiga íslensk saummerki til skiptanna,“ segir hann frá.


Það tók ekki langan tíma fyrir fyrsta safnarann að bíta á agnið. „Hann setti þessa auglýsingu mína inn daginn eftir, með blikkandi stjörnu til að vekja athygli á því að ég væri fyrsti Íslendingurinn á síðunni. Annars voru þarna aðallega menn frá Bandaríkjunum og Evrópu. Eftir sólarhring var ég kominn með áttafú og fjóra tölvupósta, minnir mig,“ rifjar hann upp.

„Um tíu dögum seinna hrundu svo hérna inn níutíu bréf með merkjum alls staðar frá. Það var náttúrulega töluvert mikið meira en ég átti af merkjum til að láta frá mér! Menn voru farnir að gera grín að því á lögreglustöðinni á Ísafirði að ég væri farinn að spretta merkjum af jökkunum þeirra ef þeir litu undan,“ segir hann og hlær.

Íslensku vörurnar eftirsóttar

Eftirspurn erlendu safnaranna eftir íslensku merkjunum var þó frekar skiljanleg. „Íslensku merkin voru og eru mjög sjaldgæf. Fyrir það fyrsta eru íslenskir lögreglumenn fáir, eða sennilega um sjö hundruð talsins,“ bendir Jón á. Einkennisklæddir lögreglumenn New York borgar einnar eru nú um 34.500.

„Þessi samanburður segir svolítið til um hvað íslenska lögreglumerkið er mikið „raritet“. Þarafleiðandi er mjög erfitt að



nálgast þetta. Svo eru heldur ekki mjög margir sem safna lögregluferni hérna heima fyrir, að minnsta kosti ekki margir sem gefa sig út fyrir það, þó að fólk hendi eflaust ekki því sem því áskotnast,“ útskýrir Jón.

Hann hóf safnaraferil sinn sem áður segir á saummerkjum en fikraði sig fljótlega út í að hefja skipti á lögregluhúfum. „Það endaði þannig, þó ég sé nú ekkert búinn að ákveða að ég sé hættur, að þær urðu yfir hundrað talsins. Þær eru hvaðanæva að – til dæmis frá Þýskalandi, Póllandi, Skotlandi, Írlandi, Rússlandi og svo frá Bandaríkjunum, New York til dæmis. Ég á líka flestar útgáfur íslensku húfunnar,“ segir Jón.

Hann státar af enn fleiri húfum og á meðal annars húfu síðasta hreppstjórans sem heyrði undir sýslumanninn á Ísafirði. „Ég á líka hreppstjóraráhúfu með skjaldarmerkinu og dönsku krúnunni á. Hún er innan úr Hjarðardal,

frá því um 1920,“ útskýrir hann. Sjálfur hefur hann að auki borið ansi merkilega húfu, að minnsta kosti hvað varðar stærð.

Eins og mittismál fegurðardrottningar

„Þegar ég fékk úthlutað minni fyrstu lögregluhúfu fór ég með hálfgerðan hnút í maganum til húfumakarans í Reykjavík. Ég óttaðist að nú yrði ekki til nógu stór húfa og ég þyrfti því í versta falli að finna mér annað starf,“ segir hann kankvíslega.

„Þegar ég svo framvísaði húfubeiðninni tók á móti mér viðkunnaleg og fíngerð kona og hélt nú að hún ætti tilbúna húfu fyrir mig, enda kæmi þeim ekkert á óvart í þessum efnum. Á meðan hún sótti húfuna gerði ég henni ljóst, án þess að vilja hljóma móðgandi, að ég hefði nú aldrei fengið húfu sem passaði. Hún þrjóskaðist við og lét mig máta.

Húfan passaði náttúrulega ekki og sat í raun bara austast á höfðinu, svona svolítið eins og undirskálin sem þáfinn ber dags daglega,“ segir hann frá.

„Ég varð svolítið stressaður en konan tók upp málband, rétti mér annan endann og sagði skipandi „Haltu þessu við ennið á þér!“ sem ég og gerði. Hún hljóp svo hringinn með hinn endann. Þegar hún kom aftur leit hún á málbandið og sagði undrandi: „Neiiii! Það er bara eins og mittismál á fegurðardrottningu, 63 sentimetrar! Ég gat lítið þrætt fyrir það og átti reyndar fá svör við þessari snilldar athugasemd. Ég fékk því sérsaumaða húfu nokkrum dögum seinna,“ segir Jón, sem segir söguna oft hafa verið rifjaða upp á vinnustað hans.

„Mér var nuddað upp úr þessu. Einn ágætur vinnufélagi minn, sem síðar gerðist hátt settur á Suðurlandinu, vildi kaupa húf-



Grúskari af guðs náð

una og nota hana sem árabát. Svona til mótvægis þessum leiðindum hans hef haldið því að honum að hann sé feitur og kannski ágætt að það komi fram hér, enda er mér ekki kunnugt um að það hafi breyst," segir hann brosandí.

Fær söfn gefins

Þó að safn Jóns spanni allt frá pennum til sjaldgæfra húfa eða saummerkja er miserfitt að komast yfir áhugaverða gripi, að hans sögn. „En eftir því sem maður er duglegri og fleiri fréttu að manni verður auðveldara að nálgast ýmislegt. Ég hef til dæmis feng-

ið heilu söfnin gefins," segir hann.

Eitt þeirra barst frá lögreglumanni á Akureyri sem hafði safnað húfum en sömuleiðis mörgum merkjum. „Hann hafði bæði unnið í lögreglunni á Íslandi en líka úti í Kosovo og sem öryggisvörður hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann gaf mér eiginlega allt safnið sitt. Ég á líka tvo skildi frá lögreglunni í Stokk-hólmi sem eru dálítið sérstakir. Þeir eru mjög gamlir og númeraðir – frá því að hver lögreglu-maður hafði sinn eigin númeraða koparskjöld. Þeir væru eflaust margra peninga virði ef maður setti þá á eBay. Þeir voru í sendingu sem ég fékk frá lögreglu-

konu í Reykjavík. Þabbi hennar var þekktur lögreglumaður á sínum tíma og fór víða og safnaði.“

„Lögreglumenn sem ég hef verið að vinna með í gegnum árin eða kynnst í gegnum félagsstarf lögreglunnar hafa líka sent mér ýmislegt. Ég hef stundum gefið þeim harðfisk í staðinn – það eru góð skipti svona innanlands," segir hann og brosir við. „Hann er finn gjaldmiðill, en ég er ekki viss um að hann dugi nú endilega á milli landa heldur gæti jafnvel spillt fyrir milliríkjaviðskiptum“ bætir hann við.

Lögregluhúfur og sykurmolar

Eftir því sem Jón hefur fengið fleiri og fleiri gjafir og viðbætur í safn sitt hefur löngunin til að opna eitthvert aðgengi að því orðið meiri.

„Hugmyndin um að gera eitt-hvað úr þessu er nokkurra ára. Húfusafnið og þessir nokkru bún-ingar eru bara í kössum uppi á háalofti– engum til gagns eða gamans. Ég veit ekki hvort þetta verður nokkrum til gagns þó það fari á safn, en kannski gamans," segir hann og brosir.

Eftir að stór hópur atvinnubærs fólks á Flateyri varð atvinnulaus í haust fór Jón hins vegar að velta framkvæmdinni betur fyrir sér. „Ég fór að velta því fyrir mér

að það væri kannski möguleiki á að búa til einhver störf, þó ekki væri nema eitt yfir sumartím-ann," útskýrir hann. Eftir að hann hafði fengið augastað á húsnæðinu að Hafnarstræti 11 á Flateyri og kynnt áform sín fyrir Ísafjarð-arbæ þróaðist hugmyndin enn frekar.

„Þetta húsnæði er mátulega stórt og gott rými og ef það byðist væri hægt að setja upp það sem ég myndi vilja kalla Dellusafn. Lögregluminjasafnið væri góður grunnur, því það gæti staðið eitt og sér. Það er nógu stórt til þess. Svo væri þá lítið mál að setja upp alls kyns einkasöfn með því," segir Jón, sem hefur þegar

nokkrar hugmyndir um aðrar dellur en sína eigin.

„Fólk safnar öllum andskotunum. Ég veit til dæmis að hér í bænum er til nokkuð viðamiklir sykurmolasaft, sem ég frétti ekkert af fyrr en ég fór að tala um dellusafnið. Þá er hér að myndast safn bátalíkana sem koma þarf í sýningarhæft horf innanhúss, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir hann.

Atvinnusjúkdómur safnarans

Sjálfur getur Jón svo bætt enn frekar í Dellusafnið. „Ég á til dæmis mjög afmarkað safn, sem eru nú samt glettilega mörg eintök í. Það samanstendur af tómunum sígarettupökkum og eldspýtustokkum sem pabbi safnaði sem krakki frá bresku hermönnum sem voru hérna á Flateyri í seinni heimsstyrjöldinni. Það tekur ekkert mikið pláss, kannski bara tvo ramma, en ég er viss um að mörgum þætti gaman að sjá það. Bæði er það tóbakssafn, eða umbúðasafn öllu heldur, og svo kannski líka dálítið safn um hvað krakkar hérna gerðu sér til dunders á þessum tímum,“ segir hann brosandí. „Við hlið kassans með sígarettupökkunum er svo annar kassi fullur af gömlum, „bíó-prógrómmum“ frá því í gamla daga. Þar kennir ýmissa grasa sem bíó-áhugamenn gætu dundað sér við að skoða.“

Þar fyrir utan á hann flesta poka úr þeim verslunum sem áður voru starfræktar í heimabæ hans og sömuleiðis dagott safn drykkjarkanna, meðal annars úr þeim fiskvinnslufyrirtækjum sem þar hafa starfað. „Ef ég kem til dæmis í fiskvinnslu, sem starfa nú kannski mislengi eins og dæmin sanna, en hafa haft vit á því að láta sérmerkja könnur og penna, þá fer nú kannski ein ofan í vasann nánast alveg óvart. Ég hef samt reynt að passa mig á því að upplýsa um slíkan þjófnað áður en vettvangurinn er yfirgefinn“ segir Jón brosandí og samsinnir því að þar sé á ferðinni hálfgerður atvinnusjúkdómur safnarans. „Ég á frystihúsa sögu síðustu tuttugu ára í drykkjarkönnum,“ segir hann.

Önnur hlið þessa atvinnusjúkdóms gæti verið ákveðin fælni við að henda hlutum – eða leyfa öðrum að henda hlutum. „Það hringdi í mig maður um daginn og sagðist vera að hreinsa til og spurði hvort ég vildi að hann henti fyrsta litasjónvarpinu sem kom til Flateyri. Ég harðbannaði honum það en hafði hins vegar ekkert pláss til að taka það sjálfur. Svo hringdi hann aftur síðar og sagðist vera að fara með það á haugana. Þá varð ég að sækja það. Ég hef nú ekki prófað tækið ennþá, en er nokkuð viss um að það virki allavega ekki á fimmtudögum og ekki í júlí,“ segir hann.

Sá sem á mest dót...

Jón hefur verið gæddur safnaraeiginleikum frá unga aldri, eins og faðir hans á undan honum. „Það má eiginlega segja það. Félagi minn sagði einu sinni að ég hefði lífsmottóið „Sá sem á mest dót þegar hann deyr vinnur“. Það er nokkuð til í því,“ segir Jón og kímir.

„Annar eldri maður og ágætur vinur minn, hann Ásgeir Sigurðsson harmonikkusafnari, hefur gauskað að mér gömlum myndavélum og öðru skemmtilegu dóti. Hann sagði einu sinni að það væri eitt sem hann skildi ekki með mig – ég hefði allan þennan áhuga á gömlu dóti, en af hverju ætti ég þá ekki gamla konu,“ segir Jón og hlær við. „Ég held við höfum nú verið sammála um að það væri í lagi að draga mörkin þar,“ bætir hann við.

Fyrst talið berst að kvenkostum er ekki úr vegi að spyrja konu Jóns, Pálfríði Vilhjálmsdóttur, sem deilir heimili með honum og börnum þeirra tveimur, Atla og Brynju, hvernig fari um fjölskylduna innan um alla munina góðu. Er eitthvað pláss fyrir þau?

„Varla,“ svarar hún og hlær við. „Það var reyndar miklu meira af dóti hérna, hann er aðeins að róast í þessu. Á einum vegg hérna inni voru vopn, gamlir rifflar og spjót frá Afríku, bogi og örvar og svona. Annar veggur var íþróttaveggurinn, þar voru gömul gönguskíði, gamlir tennispaðar, gamlir hlaupaskór og skautar,“ þylur hún upp. „Þetta hefur svona smám saman verið tekið niður og ekki farið aftur upp,“ bætir hún við og brosir.

Fær ryðgaðar afmælisgjafir

Enn eru þó ekki allir veggir heimilisins auðir. Í öndvegi tróna til dæmis lúðrar sem eiga sér nokkuð merkilega forsögu.

„Þetta eru almannavarnarlúðramir sem voru á lögreglustöðinni á Hverfisgötu og voru prófaðir fyrsta fimmtudag, að mig minnir, í hverjum mánuði hérna í gamla daga. Ég fékk þá í þrítugsafmælisgjöf, en þeir voru orðnir svolítið spanskgrænir og ljótir svo ég lét blása þá og lakka,“ útskýrir hann.

„Kunningi minn var að vinna hjá Almannavörnum. Ég var lengi búinn að biðja hann um svona lúður eftir að ég frétti að það ætti að leggja þetta af. Hann sagði að það væri ekkert mál, en svo dróst það auðvitað alltaf. Seinna var systir hans á vaktinni minni í löggunni og ég sagði henni frá þessu. Á þrítugsafmælinu mínu kom hún svo með lúðrana og blóm í þeim. Hún hafði þá hringt í bróður sinn og sagði



að nú yrði að sækja lúðrana, því Jón yrði þrítugur. Þeir yrðu að vera komnir vestur eftir tvo daga. Sú saga fylgdi gjöfinni að sérsveit lögreglunnar í Reykjavík hefði verið hálfan dag að ná í lúðrana svo það væri hægt að senda þá vestur í tæka tíð,“ segir hann hlæjandi.

Lúðramir voru reyndar ekki eina ryðgaða afmælisgjöfin sem honum hlotnaðist á þessu stórafmæli, því í gjafahúgunni var sömuleiðis að finna laskað siglingaljós af togaranum Júní sem strandaði við Saudanes í desember 1948. Ljósíð skemmdist ekki við strandið en beyglaðist áratugum síðar í snjóflóðinu sem féll á Flateyri 1995. „Karlínur sem átti þetta, eða sennilega konunni hans frekar, fannst reyndar ekki alveg hæfa að gefa mér bara gamalt og beyglað ljós, svo þau stungu viskíflošku inn í það. Mér þótti samt mun vænna um umbúðirnar en viskíð, enda er ljósið ennþá til en viskíð löngu búið,“ segir hann.

Í lögreglufylgd í Vínarborg

Burtséð frá þeirri ánægju sem safnarar hafa af áhugamáli sínu getur það sömuleiðis getið af sér alls kyns tengsl. Jón og Þorkell, vinnufélagi hans og meðsafnari, kynntust til að mynda austurrískum safnara í gegnum áhugamálið. Söfnunarárátta beggja varð að lokum til þess að þeir héldu í heimsókn til hans til Vínarborgar, þar sem lögreglan bar þá á höndum sér, eins og Jón segir sjálfur.

„Það var alveg frábært. Við vorum þarna í tíu daga og heimsóttum innanríkisráðuneytið,

svæðisskrifstofu Europol, allar deildir lögreglunnar og fangelsi sem er þarna í miðri Vínarborg. Við heimsóttum meira að segja símfóníuhljómsveit Vínarborgarlögreglunnar, sem telur sennilega um þrefaldan fjölda lögreglumanna á Vestfjörðum. Við fengum einnig að taka þátt í daglegum störfum og æfingum nokkurra deilda lögreglunnar en létum samt nægja að hlusta bara á símfóníuhljómsveitina. Það var mjög gaman,“ segir hann.

Jón segir þó iðulega vera gott samband á milli lögreglumanna í Evrópu, óháð því hvort þeir hafi sömu áhugamál eður ei. „Í þessum vestræna heimi er þetta voða mikið eins og ein fjölskylda ef svo má segja. Það eru til alþjóðasamtök lögreglumanna sem heita IPA. Ef þú ert með félagsskírteini frá þeim og veifar því í útlöndum, ef bíllinn hjá þér bilar til dæmis, máttu alveg eins eiga von á því að þér verði boðin gisting hjá lögreglumanni á meðan beðið er viðgerðar. Íslenskir lögreglumenn eiga nokkrar þannig sögur,“ segir hann.

Úr löggunni í sagnfræði?

Jón á sjálfur að baki sextán ára feril innan lögreglunnar, en hann sagði skilið við starfið fyrir tveimur árum.

„Ég var þá búinn að vera í ársleyfi en ákvað að segja starfinu upp þegar mér bauðst annað starf á öðrum vettvangi. Annars voru þessi sextán ár bara góður tími þótt sum verkefnanna hafi verið mjög erfið á marga lund. Starfið hentaði mér samt mjög vel fannst mér, bæði vinnan og verkefnin.

En samt held ég að það dýrmætasta í svona starfi séu samhentir og góðir vinnufélagar, sem mig skorti ekki hjá lögreglunni á Ísafirði,“ segir Jón.

„Það sem þreytir mann kannski helst í lögreglustarfinu er vaktavinnan. Það er alveg sama hvort þú talar við lögreglumann eða hjúkrunarfólk eða slökkviliðsmann sem vinnur á svoleiðis vöktum, það er þreytandi til lengdar. Þetta passar ekkert við venjulegt fjölskyldulíf – maður er aldrei heima þegar það á að gera eitthvað og svo er maður til dæmis kannski að vinna þrjú jól í röð. Það er það sem er þreytandi, ekki endilega verkefnin, þó að þau séu vissulega miserfið,“ segir Jón.

Í dag starfar hann sem framkvæmdastjóri Hvíldarkletts ehf. og er því þegar á kafi í ferðaþjónustubransanum – þó að markhópurinn fyrir sjóstangveiðina og nýtt safn á Flateyri sé kannski ekki algerlega hinn sami. Það þarf þó ekki að koma á óvart miðað við áhuga hans á gömlum og sögulegum munum að hugur hans stendur til sagnfræðinnar, enda notaði hann ársleyfi sitt frá lögreglunni til starfa fyrir áhugafélagið Hús og fólk og sá þar um gerð og uppsetningu söguskilta, ásamt samantekt frásagna þeim tengdum á Flateyri.

„Ég hef verið að skoða það svona, hvort ég ætti kannski að fara í nám. Mér finnst sagnfræðin hljóma mjög spennandi og ég er viss um að það er mjög skemmtilegt nám. Hins vegar skilst mér að það sé ekki hægt að taka nema lítinn hluta þess í fjarnámi, svo hvað verður þarf bara að fá að koma í ljós,“ segir hann að lokum.

Ráðherra vill vestfirska virkjunarmöguleika inn í rammaáætlun

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar-ráðherra segir frekari orkuöflun á Vestfjörðum mikilvægan þátt til að tryggja orkuöryggi á svæðinu. „Iðnaðarráðuneytið vinnur nú að því að ýta undir fjárfestingar á Íslandi t.d. með lögum um ívinnanir fyrir nýfjárfestingar og framkvæmdir. Það er ansi súrt í brotið fyrir okkur ef Vestfirðir geta ekki notið góðs af þessari vinnu því Vestfirðir hafa upp á svo margt að bjóða,“ segir Katrín og bætir við að undirbúningsvinna virkjunarframkvæmda á Vestfjörðum sé of skammt á veg komin. „Virkjunarmöguleikarnir sem eru á Vestfjörðum komust ekki inn í síðustu endurskoðun rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, vegna þess að nægilegar upplýsingar lágu ekki fyrir um framkvæmdir,“ segir Katrín.

„Ein af tillögum ráðgjafahóps-

ins um orkuöryggi á Vestfjörðum var að nú yrði gerð rannsóknaráætlun fyrir Vestfirði þannig að þessar virkjanaframkvæmdir geti komist inn í rammaáætlunina þegar hún verður tekin næst til endurskoðunar. Við erum meðvitund um hér duga ekki útópískar hugmyndir heldur verður að vinna þetta starf almennilega á raunhæfum grundvelli. Þá er mikilvægt að þetta starf sé unnið í samstarfi heimamanna við hlutadeigandi aðila á borð við Landsnet og Orkubú Vestfjarða. Að þessu starfi loknu vil ég fá í hendur framkvæmdaáætlun sem er þannig úr garði gerð að ég geti barist fyrir pólitísku samþykki hennar. Þetta er það sem við eigum að stefna að, en á þennan hátt getum við í sameiningu búið til leiðarvísir sem allir eru sáttir við og auðvitað er það markmiðið með þessu öllu saman,“ segir Katrín.



Katrín Júlíusdóttir ræðir orkuöryggi á Vestfjörðum á fundinum á Ísafirði.


Katrín var stödd á Vestfjörðum í síðustu viku til að ræða skýrslu ráðgjafahóps um orkuöryggi á Vestfjörðum. „Þessi heimsókn mín er í raun framhald af annarri heimsókn til Vestfjarða sem ég fór árið 2009, en í þeirri rannsókn

var afhendingaröryggi á raforku ofarlega í huga Vestfirðinga. Eftir þá ferð setti ég á laggirnar ráðgjafahóp til að draga saman þá þekkingu á málinu sem fyrir liggur og koma með tillögur til úrbóta. Ég er mjög ánægð með

þá vinnu sem hópurinn hefur innt af hendi og í framhaldinu mun ég skipa samráðshóp um málið sem mun skila framkvæmdaáætlun sem mun miða að því að tryggja Vestfirðingum hringtengingu á raforku,“ segir ráðherra.

„... að vera alltaf glaður - svona eins og Óli frændi.“

„Þegar ég verð stór langar mig að verða svona lagari sem getur lagað alls konar dót og svoleiðis. Svo langar mig að verða blómalæknir svo að öll blómin geti lifað þó að veturinn komi. Best væri samt að vera hjólamaður. Þá getur maður hjólað allan daginn og haft nesti með sér og skoðað fuglana á leiðinni og svoleiðis. Svo langar mig að vera alltaf glaður - svona eins og Óli frændi. Ég held að hann þurfi aldrei að sofa eða borða fisk.“



Er þitt barn **okkar** barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku. OKKAR Framtíð er ný trygging fyrir börn og ungmenni sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum.



Það er einfalt að ganga frá OKKAR framtíðartryggingu á okkar.is



Húsfyllir á Hlífarsamsætinu

Húsfyllir var á Hlífarsamsætinu sem haldið var í Frímúrararsalnum á Ísafirði á sunnudag. „Samsætið heppnaðist ljómandi vel og ég held að við hefðum ekki getað komið fleirum inn í húsið. Ætli það hafi ekki verið um 160 manns og við urðum að bæta við borðum til að koma fleirum að,“ segir Anna Karen Kristjánsdóttir, formaður Kvenfélagsins Hlíf. Að venju var boðið upp á skemmtidagskrá en þar var m.a. að finna tónlistar-

atriði frá nemendum Tónlistarskólans á Ísafirði auk þess sem Hlífarkórinn sprellaði og söng fyrir gesti.

Guðfinna Hreiðarsdóttir flutti erindi þar sem hún minntist Ísfirðingsins Auðar Auðuns en þann 18. febrúar sl. voru 100 ár frá fæðingu hennar. Hún var mikill brautryðjandi, fyrsti kvenlögfræðingurinn, fyrsti kven-dómarinn, fyrsti kvenborgarstjórinn og fyrsti kvenráðherrann. Að dagskrá tæmdri var stig-

inn dans.

„Við Hlífarkonur viljum þakka öllum þeim sem hjálpuðu til við að samsætið heppnaðist svona vel,“ segir Anna Karen. Hlífarsamsætið hefur verið fastur liður í starfsemi Kvenfélagsins Hlíf í rúma öld. En það var fyrst haldið árið 1907 er konur buðu, gömlu fólki og þeim sem áttu bág, til matarveislu. Hlífarsamsætið er í raun upphafið að stofnun félagsins árið 1910.

– thelma@bb.is





Langi Mangi.

Opnunartíminn endurskoðaður

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka til skoðunar styttingu opnunartíma öl- og kaffihússins Langa Manga á Ísafirði þegar rekstrarleyfi þess rennur út í sumarbyrjun. Á fundi bæjarstjórnar var lögð fram tillaga af Kristjáni Andra Guðjónssyni, bæjarfulltrúa Í-listans, þess efnis að opnunartími Langa Manga yrði stuttur til kl. 24 alla þá daga sem opið er. Stytting opnunartíma tæki gildi 1. maí n.k., en ekki síðar en við útgáfu nýs rekstrarleyfis, þegar núverandi leyfi rennur út næsta sumar.

Í greinargerð með tillögunni segir að vonast sé til að sátt skapist um rekstur umrædds veitingastaðar með breytingunum. Eins og fram hefur komið hefur opnunartími og hávaði og umgangur sem honum fylgir kallað fram mótmæli nágretta. Hafa þeir sent bæjaryfirvöldum ítrekað póst um að stytta opnunartímamann og segja máli sínu til rökstuðnings að auk ónæðis hafi langur opnunartími m.a. í för með sér að eignir þeirra falli í verði.

„Við núverandi aðstæður er orðið erfitt að búa þarna og fá leigjendur, auk þess sem erfitt gæti reynst að selja okkar eignir ef til þess kæmi, þar sem svona starfsemi er ekki með okkar samþykki og gerir ekkert annað en að verðfella okkar eignir og valda öllum nágrennum í grennd við staðinn miklu ónæði,“ segir í bréfi til bæjaryfirvalda frá eigendum íbúða í sama húsi og skemmtistaðurinn er hýstur. Þeir sem eru á öndverðum meiði halda því fram að Langi Mangi spili stórt hlutverk í skemmtana- og afþreyingarflóru Ísfirðinga og þar sem hann sé miðsvæðis í bænum sé leyfilegt að opnunartíminn sé fram á nótt um helgar.



ÍSAFJARÐARBÆR

FORSTÖÐUMAÐUR Í BÚSETU

Á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar er laust starf forstöðumanns í sólarhringsþjónustu fyrir fatlaða. Um er að ræða 60% starf.

Megin verkefni:

- Ábyrgð á rekstri og skipulagningu á þjónustu eins íbúðarkjarna.
- Ábyrgð á innra starfi, starfsmannamálum, samstarfi við íbúa, aðstandendur og samstarfsstofnanir.
- Ábyrgð á áætlanagerð í búsetuþjónustu í samræmi við stefnumótun Ísafjarðarbæjar.
- Þátttaka í stefnumótun þjónustu Skóla- og fjölskylduskrifstofu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun innan málavíðs s.s. þroskaþjálfun eða sambærileg menntun.
 - Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra.
 - Reynsla og þekking af stjórnun.
 - Frumkvæði, drift og skipulagshæfni.
 - Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Launakjör eru samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 4. apríl 2011. Nánari upplýsingar veitir Sigfríður Hallgrímsdóttir, ráðgjafi Skóla- og fjölskylduskrifstofu, í síma 450 8000. Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar og eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.



Þakið ætlaði af húsinu þegar Páll Óskar tók lagið

Árshátíð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða var haldin með pomp og prakt í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. Góður rómur var gerður að skemmtiatriðunum sem voru afar vönduð. „Árshátíðin var alveg vel heppnuð. Það fór gríðarleg vinna í skemmtiatriðin og þau virtust vekja mikla lukku,“ segir Svavar Þór Guðmundsson sem átti sæti

í skemmtinefnd. Aðspurður segir Svavar Þór að þemað í skemmtiatriðunum hafi verið átaksverkefnið Lífshlaupið. „Við tókum þátt í því og stóðum okkur vel, þó sumir hafi staðið sig betur en aðrir.“

Í lok dagskránnar var sungið lagið Gjörðjöss við texta Sjafnar Kristjánsdóttir sem saminn var fyrir stofnunina og mætti þá Páll

Óskar Hjálmtýsson árshátíðargestum að óvörum. „Þakið ætlaði alveg að rifna af húsinu þegar Palli tók nokkra af slögurum sínum. Það vissi enginn af því að hann myndi mæta nema skemmtinefndin, okkur fannst tilvalið til að fá hann til að æra lýðinn og það gerði svikalaust,“ segir Svavar. Að dagskrá tæmdri spilaði hljómsveitin Xpress fyrir dansi.





Sprengjúsérfræðingur Landhelgisgæslunnar skoðar hlutinn um borð í Júlíusi.

Flugskeyti í togaratrolli

Sprengjúsérfræðingar frá Landhelgisgæslunni komu til Ísafjarðar á miðvikudag í síðustu viku til að skoða torkennilegan hlut sem kom í veiðarfæri frystitogarans Júlíusar Geirmundssonar. Í ljós kom að um var að ræða nef af flugskeyti. Að sögn Hrafnhildar Brynju Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, var farið með hlutinn á öruggan stað í Seljadal á Óshlíð og honum eytt með sprengiefni.

„Það var ekki hægt að sjá hvaðan þetta kom og erfitt að kanna hvort eitthvað sprengiefni væri enn í þessu. Hafi svo verið, þá hefði hætt getað skapast,“ sagði Hrafnhildur. „En það borgar sig að eyða þessu.“



Torkennilegi hluturinn reyndist vera nef af flugskeyti.

Verulegur kostnaður falinn í rekstrartöfum

Tæp 30% svarenda, í viðhorfskönnun rekstraraðila á Vestfjörðum á ástandi raforkukerfis í fjórðungnum, telja að fyrirtæki þeirra hafi verið straumlaust samtals í yfir 4 klukkutíma á síðastliðnum tólf mánuðum. Yfir helmingur svarenda telur að lengsta einstaka straumleysi hafi varað í meira en 45 mínútur. Í kjölfar straumleysis kemst aðeins 30% fyrirtækja í fullan rekstur á innan við 10 mínútum og 20% þurfa meira en 30 mínútur til að koma starfsemi í gang. „Því er ljóst að hvert einstaka rof er fyrirtækjum dýrt og það er umtalsvert dýrara þegar rafmagn fer af þrisvar sinnum í 5 mínútur í stað einu sinni í 15 mínútur,“ segir í niðurstöðum könnunarinnar sem nefnd, um orkuöryggi á Vestfjörðum og áhrif þess á samkeppnisstöðu og atvinnuþróun, efndi til. „Verulegur kostnaður liggur falinn í rekstrartöfum fyrirtækjanna sem þurfa að standa sig í samkeppni

við aðila utan svæðis en kaupa lakari þjónustu á sama verði.“

Helmingur fyrirtækjanna sem svörðu könnuninni hefur orðið fyrir beinu tjóni, bæði vegna vinnutaps þegar starfsmenn eru á launum en framleiðslan stöðvast og vegna tjóns á búnaði. Skýrt kemur fram í könnuninni að þó straumrof sé fyrirtækjum dýrt er spennuflokt ekki síður kostnaðarsamt; 65% svarenda telur að breytingar á spennu valdi truflunum eða tjóni og erfitt geti reynst að fá slík tjón bætt hjá tryggingarfélagum eða Orkubúi Vestfjarða því erfitt er að sanna hvað veldur því að tæki bila.

29% svarenda telja sig búa við meira en 4 klukkustunda rafmagnsleysi á ársgrundvelli. Allt að 57% telja sig búa við 1-4 klukkutíma rafmagnsleysi á ári. Stór hluti svarenda upplifir oft flökt og rafmagnsleysi sem varir gjarnan í 30-60 mínútur eða lengur og verður því að teljast nokkuð fast-

ur liður í rekstri og lífi sveitarfélaga. Könnunin var framkvæmd meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum og svörðu tíu fulltrúar þeirra. Við mat á niðurstöðum var tekið tillit til þess að rafmagnsleysi og rafmagnsflökt hefur verið hluti af lífi og rekstri sveitarfélaga í áratugi. „Það má því rökstyðja þá trú að mörg sveitarfélög kippa sér ekki lengur upp við flökt eða truflanir í rafmangi og skrái ekki niður með formlegum hætti tíma og áhrif rafmagnsleysis,“ segir í niðurstöðum könnunarinnar.

Þar kemur fram að þrátt fyrir verulega tíðni er ekki hægt að greina að flökt og/eða rafmagnsleysi hafi haft í för með sér umtalsverðar skemmdir eða tjón hjá sveitarfélögum. Ekkert þeirra sveitarfélaga sem tók þátt í könnuninni telur sig hafa tapað fjárfestingartækifærum vegna ótrausts rafmagns.

– thelma@bb.is

Kallar á endurskoðun sparisjóðskerfisins

Ásgeir Sólbergsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Bolungarvíkur, segir erfitt að átta sig á því hvaða þýðingu það hafi fyrir

smáar

Til sölu er tveggja metra Mads-hús, mjög lítið notuð notuð rífluð gönguskíði, stafir og skórn. 43. Upplýsingar í síma 895 1594.

Til leigu er 2ja herb. íbúð að Grundagötu 6 á Ísafirði. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. í síma 865 9637.

Til sölu er Skoda Roomaster árg. 2007, ekin 36 þús. km. Uppl. í síma 456 3748.

Sparisjóð Bolungarvíkur og sparisjóðskerfið í heild að Landsbankinn hafi tekið yfir rekstur SpKef. „Þessar fréttir báru brátt að og því er erfitt að leggja mat á hvaða áhrif þetta mun hafa. Hér hafa menn verið að klára fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins og sú vinna er enn í fullum gangi enda er verið að breyta útfærslum á því hvernig því starfi ber að háta. Á meðan enn er verið að gera upp fortíðna er lítið svigrúm til að huga að framtíðinni. En það er ljóst að þessar fréttir kalla á að sparisjóðakerfið í landinu verði hugsað upp á nýtt á næstu misserum,“ segir Ásgeir.

Langstærsti eigandi Sparisjóðs Bolungarvíkur er Bankasýsla

ríkisins og segir Ásgeir að það sé fyrst og fremst í hennar hendi að marka stefnu sjóðsins til framtíðar. „Við höfum ekki heyrt frá Bankasýslunni um hvernig hún sér framtíð kerfisins fyrir sér. Það verður hins vegar boðað til fundar um þessi mál á næstunni og vonandi verðum við einhvers vísari eftir þann fund,“ segir Ásgeir.

Þegar afgreiðsla SpKef verður lögð niður á Ísafirði vaknar spurning um hvort aðrir sparisjóðir kunni að sjá sér leik á borði og opna útibú á svæðinu. Spurður hvort sóknarferi sé fólgið í þessari breytingu fyrir Sparisjóð Bolungarvíkur segir Ásgeir svo vera en erfitt kunni að vera að nýta það tækifæri. „Auðvitað



eru tækifæri í þessu, en sjóðirnir eru enn mjög laskaðir þegar ekki er búið að afgreiða öll þau mál sem stjórnvöld gera kröfu um. Eigendur sjóðanna leggja fyrir sína stjórnarmenn hver stefnan á að vera og í þessu tilviki er eigandinn Bankasýsla ríkisins. Það

er hins vegar ekki búið að skipa nýja stjórn með fulltrúum nýrra eigenda, en það verður væntanlega gert um miðjan apríl. Á meðan er sjóðurinn í hálfgerðu limbói og ekki í stöðu til að taka stórar ákvarðanir til framtíðar,“ segir Ásgeir Sólbergsson. –kte@bb.is

Fimm tilboð bástur í eignirnar

Fimm tilboð bástur í þær eigur protabús Eyrarodda á Flateyri sem Byggðastofnun á veð í en tilboðsfrestur rann út á fimmtudag. Tvö tilboðanna voru í allar eignirnar sem auglýstar voru en þrjú voru í hluta eignanna. Að sögn skiptastjóra fara tilboðin nú til Byggðastofnunar til yfirlegru. Ekki er ljóst hvenær ákvörðun verður tekin um það hvaða tilboði

eða hvort einhverju þeirra verði tekið. Eins og komið hefur fram hefur fyrirtækið Lotna ehf., verk að fisk í vinnsluál búsins gegn leigugjaldi síðan Byggðastofnun hafnaði kautilboði þess í eignirnar. Byggðastofnun á hins vegar ekki veð í öllum eigum búsins og því munu kaupsamningar Lotnu um aðrar eigur standa þrátt fyrir að nýju tilboði verði tekið.

Mikil óvissa ríkir um málið en eins og fram hefur komið er hjartað í fiskvinnsluhúsum á Flateyri veðsett Byggðastofnun. Aðrir veðkröfuhafar áttu hús sem tengjast frystihúsinu og eignir inni í þeim húsum, eins og til dæmis lausfrysti. Er því ljóst að flókið verði að greiða úr þessum málum ef eignirnar færast á hendur fleiri en eins aðila. Skipta-

stjórnin auglýsti húseignirnar til sölu á ný í byrjun mánaðarinnar að ósk Byggðastofnunar. Gert er ráð fyrir að Lotna leigi húsinn þangað til niðurstaða liggur fyrir.

Fyrirtækið Eyraroddi sem úrskurðað var gjaldþrota í ársbyrjun. Ríflega fjórtíu manns á Flateyri misstu vinnuna við gjaldþrotið og var því mörgum létt er fiskvinnsla hófst þar á ný.

Jarðskjálftar í Japan

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Jarðskjálftarnir í Japan eru skelfilegar náttúruhamfarir. Um er ræða sjöunda stærsta jarðskjálfta sem mældur hefur verið frá upphafi. Afleiðingar hans eru miklar og ógna því samfélagi sem býr í Japan. Bæði kyrrar myndir og hreyfimyndir sýna ægileg átök náttúru er brýtur undir sig heilu byggðirnar og eiri engu. Járnbrautarlestir og skip hurfu og hafa ekki fundist. Heimili fólks þurrkuðust út og heilu atvinnufyrirtækin. Vegir, brýr og jafnvel flugvellir hurfu, urðu fyrir barðinu á flóðbylgjunni sem engu hlífði. Þetta eru verstu ófarir í Japan eftir stríðslok. Stóri skjálftinn í Japan þegar Kyrrahafsfléki jarðskorpunnar rakst undir Asíuflekann og bókstaflega lyfti Japan mældist 8,9 stig á Richter og er 1000 – eitt þúsund – sinnum stærri en stærstu jarðskjálftar sem talið er að geti orðið á Íslandi. Fyrir þá sem upplifðu Suðurlandskjálftana og átök náttúrunnar árin 2000 og 2008 er það vart skiljanlegt hvað það þýðir að þúsund sinnum meiri orka leysist úr læðingi en þá var. Fyrir okkur hin er þetta sennilega nánast yfirskilvitleg orka.

En við Vestfirðingar þekkjum náttúruna bæði af góðu og illu enda gleymast árin 1994 og einkum 1995 seint. Manntjónið var mikið, einn maður í Tungudal, 14 í Súðavík, einn á Reykhólum og 20 á Flateyri. Alls fórust á Vestfjörðum 36 menn, börn konur og karlar. Þegar hugsað er til manntjónsins hverfur eignatjón í bakgrunninn. Við þekkjum það vel hvernig líf fólks umturnast við náttúruhamfarir og ekkert verður samt á ný. En hver getur sett sig í spor Japana sem eru að fást

við verstu jarðskjálftahamfarir í 140 ára sögu skráningar náttúruhamfara í Landi hinnar rísandi sólar. Nú er ætlað að meira en tíu þúsund manns hafi farist í Miyagi þar sem 2,3 milljónir búa, aðeins 400 lík hafa fundist.

Afleiðingarnar eru alvarlegar. Meira en 1,4 milljónir heimila eru án vatns og 1,9 milljónir án rafmagns þegar þetta er skrifað. Engin veit nú hvernig gengur að eiga við ofhitnun í kjarnakljúfum í Fukushima og þegar hafa 180 þúsund manns sem bjuggu í nágrenninu verið flutt burt í öryggisskyni. Það er ljós að mikið verk er fyrir höndum til að koma lífinu í gang að nýju og það verður aldrei eins og fyrr í Japan.

Þessar miklu og ógnvænlegu náttúruhamfarir í Japan rifja upp fyrir Vestfirðingum hve mikilvægt það er að halda vöku sinni í samskiptum við náttúruna og virða hana. En fyrst og fremst skiptir máli að leggja áherslu á varnariðbúnað og gera allt sem mögulegt er til að koma í veg fyrir að náttúruhamfarir, snjóflóð, skriðflóð, sjóflóð, sem við höfum fengist við á Vestfjörðum, jarðskjálftar og eldgos, svo fátt eitt sé nefnt hafi í för með sér manntjón og eignatjón. Til þess þarf mikla vinnu og skipulagningu og jákvætt hugarfar. Snjóflóðin 1994 og 1995 eiga að vera okkur áminning um að halda vöku okkar.

Til Japan eru sendar samúðarkveðjur og óskir um þeim takist að vinna úr þessari skelfingu.

Öruggur raforku- og gagnaflutningur forsenda atvinnuþróunar

Samfélagslegur kostnaður sem Vestfirðir verða fyrir sökum rafmagnsleysis hefur verið áætlaður 400 milljónir króna á ári. Þetta kemur fram í skýrslu ráðgjafahóps sem iðnaðarráðherra skipaði árið 2009 um orkuöryggi í fjórðungnum. „Samkeppnisstaða atvinnulífs og samfélagsþjónustu á Vestfjörðum verður ekki viðunandi með því ástandi sem fram kemur í könnunum. Afhendingaröryggið þarf að verða sambærilegt við aðra landshluta og það er mögulegt með endurbótum á núverandi kerfi, sérstökum stýribúnaði til að koma í veg fyrir spennuflökt og tíðnitruflanir við straumrof og fullkomnari og betri búnaði fyrir varaafli,“ segir í skýrslunni.

Nefndin mælir með að ákveðin verði almenn viðmið um hámark rekstrartruflana í raforkuferfum fyrir dreifbýli. Undir þeim mörkum verði gefinn afsláttur á kostnaði við flutning og dreifingu til viðkomandi notenda. Nefndin bendir einnig á að þróun raforkuflutnings og gangaflutnings þurfa

að haldast í hendur. „Forsenda atvinnuþróunar á okkar tímum er öflug og örugg kerfi fyrir flutning bæði raforku og gagna,“ segir í skýrslunni.

Nefndin mælir einnig með að rekstrargrundvöllur dísel-varastöðva verði tryggður í samningum Landsnets og Orkubús Vestfjarða þannig að hægt sé að fjármagna nauðsynlegar endurbætur á varaafstöðvum eins og t.d. sjálfvirka eða fjarvirka ræsingu. Nefndin styður hugmynd Landsnets um að reisa sem allra fyrst 10 MW dísel-varaafstöð á Ísafirði en leggur til að sú stöð verði tengd spinnhjóli eða rafhlöðubúnaði til þess að koma í veg fyrir straumrof eins og frekast er unnt.

Tvöföldun eða hringtenging Vesturlínu er framtíðarmarkmið en tímasetning hennar mun ráðast af aukinni raforkuþörf og árangri endurbóta sem fyrirhugaðar eru á núverandi línu. Nefndin telur að framtíðaráætlun eigi að miða að hringtengingu um Strandir og Djúpið til Ísafjarðar. Slík tenging



Frá fundinum sem haldinn var á Ísafirði.

yrði á öðru veðursvæði og gæti þjónað Hólmavík og Hvalárvirkjun, ef af henni verður.

Nefndin telur að þær breytingar á stýringu raforkukerfisins við áföll, sem hafa verið gerðar eða eru á framkvæmdastigi af hálfu Landsnets og OV, eigi að getað skilað töluverðum árangri, sem getur sýnt sig í bættu afhendingaröryggi en þó sérstaklega með því að tryggja að spennan haldist stöðug á meðan rafmagn er á. Tengja mætti forvarnir á þessu sviði við veðurspár og staðsetja og gangsetja varaafli nálægt

viðkvæmum rekstri.

Nefndin leggur ekki til að afla verði sérstakrar fjárveitingar til endurbóta á kerfinu að svo stöddu, hins vegar leggur hún til að ríkisvaldið komi að málum með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi verði komið á föstum samstarfshópi sem fjalla á um þróun á afhendingaröryggi á Vestfjörðum og í hinum dreifðu byggðum landsins. Að honum komi fulltrúar orkuframleiðslu, flutnings, dreifingar og almanna-hagsmuna. Hópurinn fari yfir áætlanir flutnings- og dreifi-

fyrirtækja, tímasetningar og for-gangsröðun og mæli árangur.

Í öðru lagi verði í samráði við Landsnet lokið við gerð framtíðaráætlana um hringtengingu raforkuflutnings fyrir Vestfirði. Þá verði gerð heilstæð rannsóknáætlun fyrir raforkuframleiðslu á Vestfjörðum sem verði hluti af undirbúningi næsta áfanga Rammaáætlunar.

Skýrsla starfshópsins var kynnt á fundi iðnaðarráðuneytisins um orkuöryggi á Vestfjörðum sem haldinn var á Ísafirði í síðustu viku.
– thelma@bb.is

HEIMLISDAGAR

ALLT FYRIR HEIMILIÐ Á LÆGRA VERÐI!



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
GÓLFFLÍSUM

ADEINS FIMMTUDAG - SUNNUDAGS!



Eikar plastparket

1.190 kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Eik 3ja stafa
6 mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956



Ódýrt að mála!

1.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

HÚSASMÍÐJAN
INNRI MÁLNING
3 lítrar



Innimálning
3 ltr. hvítt, gljástig 10
7119960



Háþrýstidæla
NILFISK, 100 Bar.
5254240

14.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ



9.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Örbylgjuofn
United, 20 ltr. 800W.
1840909



3.480,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Handlaugartæki
GIGLIO.
7900011



25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
HILLUREKKUM

Frábært í geymslu
og bílskúrinn

Látum
verkin tala!

*LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMÍÐJUNNAR

TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

GILDIR TIL 21. MARS

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



HÚSASMÍÐJAN

FIMMTUDAGUR 17. MARS 2011

21



Páll Óskar tók vel á móti börnum og unglingum í Krúsinni á laugardag.

Krossgáta *Cafe Catalina* og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

Cafe Catalina

	ILL- MÆLI	ANA	↓	FRA	SJÁV- AR- GRÖÐUR	VERK- UR	FYRIR- TÆKI	HVILT	←	AGJÖF STIG- FJÖL	●
↓											↘
KRAF- SAR VÖT								ÞING- KONA VÍNBER			
↓					LÝGUR ÖREIÐA				JARM- UR EGNIR		
HREIPA					SKALD	BELJ- UM TÖNN				ATT SAM- HL.	
1000		MEGA KALL- MÆLA					REIÐ GELT- UR				
SÝL			↳					→		TÖNN EINK- ST.	
SITJ- ANDI			↳					→			
FJERST BAUN					SMÁ- BÁTAR					RYK- Ó- KYRR	
↓						PÚKAR HER				TRYLLT FLJÖT	
↑							END- ING- EINS UM B			PÚKI EINK- ST	
STÉTT TALA		LAMB KRAFT UR								ÖFN EINS UM K	
'AGÓÐA SÖN	→	EINS								SKÓG- ARÐYR FLAUT	
VAPA					FÉLAG TALA					FYRIR TÆKI KIND	
VÍÐ- UR							●			OST- UR	

Húsfyllir á skemmtun Páls Óskars í Krúsinni

Barna- og unglingskemmtun í boði Páls Óskars Hjálmtýssonar og Ísfólksins, stuðningsfólks KFÍ, heppnaðist vel í Krúsinni á laugardag. „Þetta var algjör snilld, fullt af púkum og mömmum aðallega. Þetta var flott „sjóv“ hjá honum og að því loknu sat hann í tæpan 1 og ½ tíma við að árita plaköt. Hann hætti ekki fyrr en þá voru 500 af þeim farin.“ segir Guðjón Már Þorsteinssonar einn af skipuleggjendum skemmtunarinnar.

„Ég er afar stoltur af Vestfirðingum, við ákváðum að halda þessa skemmtun með dags fyrirvara og fylltum staðinn. Ég vil þakka öllum sem lögðu hönd á plóg og sérstaklega að þakka Palla sem auk skemmtunarinnar skemmti á árhátíð um kvöldið og svo á grímuballinu. Hann hefur því skemmt um þúsund manns sem er vel af sér vikið á tólf tímum.“ Guðjón segir barna- og unglingskemmtunina verða endurtekna að ári.

– thelma@bb.is

Lausn á síðustu krossgátu

	↓	K	FRA Ó- NEFND	STAFN UM	SKEL	TALA	AF- UNDIÐ	KVENN NAFN	TÖNN	●	MEIÐ- AR
→		K	O	N	U	K	V	Ö	L	D	↘
ANN- RIKI		A	N	N	I	R	HJÓTA BÍLA- STÉTT	F	A	HETTA SYSTIR	V
GUD		R	A	N	N	Æ	P	U	R	N	A
TALA		L	VÍÐ- BÓT PÚKAR	A	U	K		NAGLA UTAN	G	A	U
FYST IRA		A	A	B		L	L	A	S	ATT TALA VINNU VEL	N
KRUK- KUNNI		K	R	Ú	S	I	N	N	I	N	S
UGGA		O	A	E	I	N	N	OHREIN KA NÚMER	Ú	T	A
EINS TÆKI		R	R	HÓTIR	Ó	G	N	I	R	VEIN	Ó
↓		E	I	LOKA ORÐ	BYGG- INGA ATT	T	U	R	N	A	EINK- ST. GAN
REF- IR EINS UM N		N	A	S	I	R	VEIÐI- DYR	DJÚP- SYNDA NULL	K	A	F
↑		M	N	M	ATT SLÁ	N	SKOPS- NAFN TALA	B	O	T	N
●		L	E	R	N	I	R	EINS	Ó	ATT TÖNN	N
		GÁPI	N	A	I	FLJÖT	A	FÍNNA LEIÐ	R	A	T

H. M.

Fiskisúpa Fjólu og gæðabollur

Fiskisúpa Fjólu

1 laukur
1-3 hvítlausrif (betra meira en minna)

1-2 tsk karrí (sama regla hér) Chiliduft á hnífsoddi (fara varlega í það)

400 gr tómahakk (Hunts í dós best)

2 dl fiskisóð

2 dl grænmetisóð hef bætt litlum grænmetisteningi út í líka

1 dós ferskur lítil dós, eða eftir smekk. Stór dós gerir súpuna full sæta. Gott að smakka sig áfram með sætleikann.

1 ½ dl rjómi (má líka bjarga sé með kókosmjólk en rjóminn er miklu betri)

200 gr rækjur

500 gr fiskur (hörpuskel,

humar, (lúða, skötuselur eða keila) persónulega finnst mér keilan best)

Laukur og hvítlaukur saxaður, steiktur þangað til hann verður glær. Kryddaður með karrí og chili. Þá er öllu soðinu og tómahakki bætt út í og soðið við vægan hita í 10 mín. Söxudum ferskjum ásamt smá safu úr dósinni og rjómanum bætt út í og suðan látin koma upp. Soðið í ca. 5 mín. til viðbótar. Í lokin er fiskurinn settur út í. Tekinn af hitanum og látinn standa í 10-15 mín.

Líka gott að búa súpuna til daginn áður og skella öllum fisknum út í með sama hætti áður en hún er borin fram. Með súpunni er svo gott að borða heima-bakaðar bollur með sólpurkuðum

tómötum, smá ruccola og skola niður með t.d. Rosmount GTR hvítvíni eða bara vatni.

Gæðabollur með sólpurkuðum tómötum og hörfræum

5 dl hveiti

½ dl hveitklíð

½ dl hörfræ

6 stk sólpurkaðir tómatar

½ dl olía (gott að nota olíu af tómötunum í bland)

2 tsk salt

2 ½ tsk þurrger

3 ½ dl vatn (ilvogt 38°C eða svo)

Þurrrefnum blandað saman. Tómatarnir saxaðir smátt, bætt út í ásamt olíu og vatni. Gott að nota hrærvél með hnoðara og hnoða þangað til degið verður slétt og sprungulaust. Látið hefast



(í skálinni) á volgum stað í ca 1-1 ½ klst. Síðan er mótaðar hæfilega stórar bollur eftir smekk hvers og eins, þær látnar hefast í ca. ½ klst. Bakað við 200°C með blæstri í 15-20 mín. Eða þangað til bollurnar verða gullinbrúnar.

Sem næsta matgæðing skora ég á burtfluttan Ísfirðing, Rúnar Mátí Jónatansson. Rúnar er mikill unanndi náttúruafurða Jökulfjarða og ekki spillir að hann er einstakur matgæðingur að guðs náð.



Styttist í 81. sýningu LL

Æfingar standa yfir á nýrri leik- og söngvaskemmtun „Á skíðum skemmti ég mér“ á vegum Litla leikklúbbsins á Ísafirði. Eins og nafnið gefur til kynna er efniviðurinn sötur í smíðju hljómsveitar Ingimars Eydals. Þetta er 81. verkefni LL, en starfsemi klúbbsins hefur verið í miklum blóma undanfarin ár. Síðasta uppfærsla klúbbsins var Emil í Kattholti.

Söngvauppfærslur klúbbsins hafa notið fádæma vinsælda undanfarin ár og má í því sambandi nefna að „Vegir liggja til allra átta“ var sýnt sautján sinnum fyrir fullu húsi. „Nú er það Á skíðum skemmti ég mér og það er óhætt að segja að skíða-færið í Edinborg sé dúndur gott þessa dagana,“ segir Elfi Logi Hannesson leikstjóri.

Fimmtán manns koma fram í sýningunni en um 30 manns koma að henni. Á skíðum skemmti ég mér verður frumsýnt föstudaginn 25. mars í Edinborgarhúsinu og önnur sýning verður daginn eftir. Eftir það verður sýnt allar helgar og einnig um páskana, bæði á Skírdag og Föstudaginn langa. Miðasala á sýningarnar hefst von bráðar. — *thelma@bb.is*

Betri andleg heilsa á landbyggðinni

Svo virðist sem starfsfólk sveitarfélaga á landsbyggðinni hrjáist síður af ýmsum andlegum einkennum en kollegar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má lesa úr niðurstöðum rannsóknarinnar Heilsa og líðan starfsfólks sveitarfélaga. Í rannsókninni er skoðuð líðan, heilsa og starfstengd viðhorf starfsfólks 20 sveitarfélaga á Íslandi á tímum efnahagsþrenginga. Eitt af því sem var kannað var hvort heilsufarséinkenni og verkir hefðu gert vart um sig eftir efnahagshrunið í október 2008. Þegar niðurstöðurnar eru greindar eftir höfuðborgarsvæðinu og landbyggðinni má sjá að starfsfólk á landsbyggðinni hafa mun síður orðið var við ein-

kenni. Spurð hvort þungar áhyggjur hefðu einkennt líðan fólks eftir efnahagshrunið sögðu 20,4% svarenda á höfuðborgarsvæðinu svo vera en eingöngu 13,5% á landsbyggðinni. 20,4% höfuðborgarbúa sögðu að kvíði hefði hrjád sig á móti 12,7% íbúa landsbyggðarinnar. 15,2% höf-

uðborgarbúa höfðu orðið varir við depurð á móti 9,4% á landsbyggðinni. Einnig var spurt um þrekleysi, svefnerfiðleika, vöðvaþolgu, tíða höfuðverki o.s.frv. Í öllum flokkunum hrjáðu ein-kennin síður starfsfólk sveitarfélaga á landsbyggðinni í samanburði við starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu. — *kte@bb.is*




Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Áskorun



Ég skora á alla framsóknarmenn, hvar sem er á landinu, að samþykkja lcesave samninginn sem lagður verður fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslunni þann 9. apríl nk.

Að mati færustu sérfræðinga og samningamanna landsins er samkomulag þetta besti kostur fyrir þjóðina. Þess vegna skora ég á alla landsmenn að setja x við Já á kjördag.

Sigurður Sveinsson, framsóknarmaður og fyrrverandi útgerðarmaður.



Kómedíuleikhúsið
Miðasölusími: 450 5565

Bakkabræður

2. apr. lau. kl. 14	Frum-sýning	Arnardal
3. apr. sun. kl. 14		Arnardal
9. apr. lau. kl. 14		Arnardal
10. apr. sun. kl. 14		Arnardal
21. apr. fim. kl. 14		Arnardal
22. apr. fös. kl. 14		Arnardal

Þjóðlegu hljóðbækurnar fást um land allt og á komedia.is

Þjóðsögur frá Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Ströndum, Súðavík, Bolungarvík, Hornströndum og Jökulfjörðum

Hollari

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.



Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.